

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorpreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér segir:

- A. Íbúðarhús og sumarhús í þéttbýli, kr. 35.667.
- B. Lögþíli og íbúðarhús í dreifbýli, kr. 35.667.
- C. Sumarhús í dreifbýli, kr. 28.980.
- D. Fyrirtæki, stofnanir og aðrir sambærilegir lögðaðilar greiða sorphirðugjald fyrir hverja starfsstöð fyrirtækisins samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu og -eyðingu frá þeim er miðist við áætlað magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	38.397 kr.
Flokkur 2	53.329 kr.
Flokkur 3	58.662 kr.
Flokkur 4	63.996 kr.
Flokkur 5	71.462 kr.
Flokkur 6	77.861 kr.
Flokkur 7	287.980 kr.
Flokkur 9	479.966 kr.

Sveitarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka.

Heimilt er að fella niður sorphirðugjald skv. gjaldskrá D af aðilum sem annast sjálfir flutning á viðurkenndan eyðingarstað, enda greiði aðilar fyrir eyðingu sorpsins.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, er hér með staðfest. Gjaldskráin er sett skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps 22. október 2018.

*Drangsnesi, 17. janúar 2019.*

F.h. Kaldrananeshrepps,

**Jenný Jensdóttir** skrifstofustjóri.